

# Fornleifakönnun á Möðruvöllum, 2005



Guðrún Alda Gísladóttir og Howell M. Roberts



Fornleifastofnun Íslands  
FS287-05161  
Reykjavík 2005

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*  
**Sími: 551 1033**  
**Fax: 551 1047**  
*Netfang: fsi@instarch.is*


# Fornleifakönnun á Möðruvöllum, 2005

Hinn 22. júní 2005 grófu starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands könnunarskurð í kirkjugarðinum á Möðruvöllum í Hörgárbyggð í Eyjafirði. Verkið var unnið að beiðni sóknarnefndar Möðruvallakirkju samkvæmt fyrirætlunum Fornleifaverndar ríkisins.

**Markmiðið** var að athuga hvort fornleifar væri að finna á svæðinu frá kirkjugarðshliði og austur að kirkjunni því að fyrirhugað er að leggja hitaveitu í kirkjuna og einnig nýjan kirkjugarðsstíg. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir raski jarðvegi niður á 0,6 m dýpi.

## Framkvæmd

Rist var ofan af sverðinum með vélgröfu. Skurðurinn var 15x2 m að stærð og náði hann yfir allt fyrirhugað framkvæmdasvæði frá kirkjugarðshliði og austur að kirkjutröppum. Fyrirfram var talið víst að fornleifar væru að finna á svæðinu enda stórbú á Möðruvöllum og kirkja frá fyrstu tíð - en kirkju og kirkjulegum athöfnum fylgja talsverð umsvif. Eftir að um 10-30 cm þykkt lag af grasrót og yfirborðsruðningi hafði verið fjarlæggt með vélgröfu komu í ljós margvísleg mannvistarlæg. Var þá hætt að grafa, yfirborðið sem komið var niður á hreinsað, ljósmyndað og teiknað.



**Mynd 1.** Sýnir afstöðu bygginga á Möðruvöllum. Grænt merkir könnunarskurðinn.


## Niðurstöður

Hvergi var að sjá óhreyfðan jarðveg í könnunarskurðinum. Á um 15-20 cm dýpi í austurhluta hans mátti sjá byggingaleifar, hrúnög og skurði, sem hugsanlega eru grafir. Í vesturhlutanum var m.a. að finna öskuhaug á u.þ.b. 30 cm dýpi og einnig stoðarholu. Talsvert af beinum og gripum fundust í yfirborðslagi [001] sem og bein í öskuhaug, lagi [002]. Beinín bíða greiningar sérfræðinga en ljóst er að þar eru bæði bein úr húsdýrum og fiskum.

Ekki er í verkahring Fornleifastofnunar að kveða á um þörfina á frekari rannsókn, eða hvernig hún skuli fara fram, en það verður að koma fram að þær minjar sem sáust eru flóknar og margvíslegar og fræðilegt mikilvægi þeirra augljóst. Fullnaðaruppgröftur á þeim lögum sem sjá mátti í könnunarskurðinum og áfram niður á 60 cm dýpi yrði bæði tímafrekur og kostnaðarsamur. Rétt er að íhuga aðrar leiðir sem ekki fela í sér jarðrask

## Lýsing á þeim lögum sem sjást í skurðinum.

Númer lags	Lýsing
001	Yfirborðslag
002	Grátt öskulag með beinum
003	Stoðarhola fyllt með steinum
004	Hola fyllt með steinum og mól - hugsanlega nýleg?
005	Dökkbrúnt blandað lífrænt lag með fúnum beinaleifum
006	Svarbrún fylling? með nokkrum smáum steinvölum
007	Þétt lag með grjóti í - tilheyrir byggingu?
008	Rautt/hvítt torflag
009	Rautt/hvítt torfhrun
010	Stór flatur steinn
011	Smáskurður? fylltur steinum
012	Blandað hreyft moldarlag
013	Torfhrun með með talsverðu af grjóti
014	Lag með miklu af viðarkolum - brennt lag?
015	Steypa frá því tröppurnar voru gerðar
016	Rafmagnskapall



**Mynd 2.** Flatarteikning af könnunarskurðinum í Möðruvallakirkjugarði (teiknað í 1:20)

## Fundir

Alls fundust á Möðruvöllum 17 gripir og voru þeir skráðir undir 5 fundanúmerum. Þessi heildartala gripa felur ekki í sér dýrabein, þó að beinin hafi verið skráð sem fundir og séu með á fundalistanum. Allir gripir voru hreinsaðir og skráðir með venjubundnum hætti.

Allir gripirnir koma úr yfirborðslagi [001]. Þar á meðal eru brot úr krítarpípum, múrsteinum, leirkerum og viði. Krítarpípubrotin (05-001) eru bæði úr leggjum og haus (brotinn í tvennt). Hausbrotið er af hollenskum uppruna frá bænum Gouda. Brún haussins er skreytt og á hlið hans er framleiðslumerki sem sýnir að pípan er frá seinni hluta 17. aldar eða fyrri hluta 18. aldar. Sjö af níu nöglum (05-003) sem fundust eru greinilega vélsníðaðir og má tímasetja þá til 19. aldar. Nokkuð örugglega má telja þá frekar úr byggingum, e.t.v. frá smíði kirkjunnar á 19. öld, heldur en líkkistunagla. Leirkersbrotið (05-005) er hvítglerjað 19. aldar brot, en múrsteinsbrotin gætu verið eldri eða frá 18. öld. Ekki er að svo stöddu er hægt að segja til um hlutverk brota úr tré (05-004) sem fundust.

Flesta gripina úr yfirborðslagi [001] frá þessu litla svæði í kirkjugarðinum á Möðruvöllum má tímasetja til 18.-19. aldar. Þeir endurspeglu fjölbreytta starfsemi og eru líklega allir frá búsýslu, frekar en kirkjulegum athöfnum. Auk þess kom, eins og fyrr segir, nokkuð af beinum úr lagi [002] í vesturenda skurðar, bæði úr húsdýrum og fiskum. Bendir það til að fyrrum hafi verið borin úr aska og rusl frá bænum á þennan stað, og lagið [002] hafi orðið til við það.

Funda no.	Lag	Tegund	Efni	Þyngd (g)	Tala	Stutt lýsing
05-001	1	Krítarpípa	Leir	12	3	2 leggir og 1 haus. 17.-18. öld Hvít/grá brot
05-002	1	Múrsteinn	Leir	70	2	18. öld
05-003	1	Nagli	Járn	75	9	19. öld
05-004	1	Unnin viður	Viður	20	2	
05-005	1	Ílát	Leir	6	2	19. öld
05-006	1	Óunnin dýrabein	Bein	243	x	Húsdýr og fiskur
05-007	2	Óunnin dýrabein	Bein	276	x	Húsdýr og fiskur